

22

10. apríl

11. gr.

Lög þessi taka gildi 1. febrúar 1947 og koma til framkvæmda á árunum 1947—1953, eftir því sem fræðslumálastjórn ákveður í samráði við hlutaðeigandi fræðsluráð.

Gjört í Reykjavík, 10. apríl 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Brynjólfur Bjarnason.

23

23. apríl

L Ö G

um dósentsembætti í íslenzku nútíðarmáli og hagnýtri íslenzkukennslu í heimspekideild Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við heimspekideild Háskóla Íslands skal vera dósentsembætti í íslenzku nútíðarmáli og hagnýtri íslenzkukennslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Brynjólfur Bjarnason.

24

23. apríl

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu geymsluhús Tönnuverksmiðju Siglufjarðar s/f.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu um ótiltekinn tíma, með eða án samþykkis eigenda, geymsluhús Tönnuverksmiðju Siglufjarðar s/f á Siglufirði, ásamt lóðarréttindum, enda komi fullt endurgjald fyrir afnotin eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna. Skal ríkisstjórninni heimilt að taka geymsluhúsið til afnota þegar eftir gildistöku laga þessara, og greiðist leiga sú, er metin verður, frá þeim tíma, er afnotin byrja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Áki Jakobsson.